

SAMÞYKKT
um breytingu á samþykkt um stjórn
sveitarfélagsins Skútustaðahrepps, nr. 690/2013.

1. gr.

- B-, C- og D-liðir 39. gr. samþykktarinnar breytast og verða svohljóðandi:
- B. Fulltrúar kjörnir til fjögurra ára í sameiginlegar fastanefndir og sameiginlegir fulltrúar með öðrum sveitarfélögum í fastanefndum, kjörnir eftir samkomulag um tilnefningu.**
 Kjör á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:
1. *Brunavarnanefnd með Pingeyjarsveit.* Einn aðalmaður og einn til vara.
 2. *Fulltrúaráð héraðsnefndar Pingeyinga.* Tveir aðalmenn og tveir til vara.
 3. *Stjórn Hvamms, dvalarheimilis aldraðra.* Einn aðalmaður og einn til vara.
 4. *Menningarmiðstöð Pingeyinga.* Einn aðalmaður og einn til vara.
 5. *Atvinnupróunarfélag Pingeyinga.* Einn aðalmaður og einn til vara.
 6. *Náttúruverndarnefnd Pingeyinga.* Einn aðalmaður og einn til vara.
 7. *Náttúrustofa Norðausturlands.* Einn aðalmaður og einn til vara.
 8. *Barnaverndarnefnd Pingeyinga.* Einn fulltrúi.
 9. *Öldungaráð.* Einn fulltrúi.
- C. Kjörnir til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum.**
1. *Aðalfundur Eyþings.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara.
 2. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Einn aðalmaður og einn til vara.
- D. Tilnefningar. Kjörnir þegar skipunartími er útrunninn og/eða ósk um tilnefningu berst.**
1. *Svæðisráð norðursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs.* Einn aðalmaður.

Sveitarstjórn fer með verkefni annarra lögbundinna nefnda en framangreindra.
 Kjörtímabil fulltrúa Skútustaðahrepps í fastanefndum, er hið sama og sveitarstjórnarinnar, nema annað sé ákveðið í lögum eða samþykktum. Að loknum sveitarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin sveitarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað, en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri sveitarstjórn sætti að afloknum kosningum, sbr. 6. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.
Gildistaka.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur sett skv. 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist hér til að öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 19. desember 2019.

F. h. r.
Guðni Geir Einarsson.

Stefanía Traustadóttir.